

**Nd.**

## **18. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfu jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi og jörðina Kotvöll í Hvolhreppi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

1. Hálfu jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi (eystri helming) ábúandanum, Erlendi Erlendssyni.
2. Jörðina Kotvöll í Hvolhreppi ábúandanum, Sveini Sveinssyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Á jörðinni Þjóðólfshaga í Holtahreppi hefur verið tvíbýli í marga áratugi. Erlendur Erlendsson hefur búið þar á eystri helmingi jarðarinnar í meira en 30 ár. Hefur hann alla tíð verið dugandi sæmdarbóndi. Hann hefur lengi haft hug á að eignast ábýlisjörð sína.

Svipað má segja um bóndann á Kotvelli, Svein Sveinsson. Hann hefur búið þar góðu búi um 30 ára skeið. Hefur hann jafnan, eins og Erlendur Erlendsson, reynzt nýtur og uppbyggilegur. Er vissulega eðlilegt, að Alþingi verði við óskum þessara ágætu bænda og setji lög, sem heimili ríkisstjórninni að selja þeim áður nefndar jarðir.